



## FJARÐABYGGÐ

# Reglugerð um kjör íþróttamanns Fjarðabyggðar

### 1. grein

Íþróttafélög í Fjarðabyggð, sem eiga aðild að Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands, skili til íþrótt- og tómstundanefndar vali sínu á íþróttamanni ársins, til kjörsins fyrir 15.nóvember ár hvert. Þau félög sem ekki kjósa íþróttamann árlega, tilnefni einstakling til kjörs íþróttamanns Fjarðabyggðar fyrir sama tíma. Íþrótt- og tómstundanefnd er heimilt að bæta við tilnefningum ef ástæða þykir til.

### 2. grein

Íþróttamaður Fjarðabyggðar skal vera á 16. aldursári og hafa keppt í íþrótt sinni fyrir íþróttafélag í Fjarðabyggð eða UÍA og vera með lögheimili í Fjarðabyggð. Hann verður að hafa sýnt góða frammistöðu í sinni grein og vera til fyrirmynadar fyrir íþrótt sína og íþróttafélaginu og sveitarféluginu til sóma.

### 3. grein

Aðalmenn og varamenn í íþrótt- og tómstundanefnd Fjarðabyggðar velja íþróttamenn ársins samkvæmt sérstakri vinnureglu þar að lútandi.

### 4. grein

Tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu, en kjörnir íþróttamenn Fjarðabyggðar hljóta eignarbikar, ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

### 5. grein

Viðurkenningar eru einnig veittar þeim íþróttamönnum sem tekið hafa þátt í landsliðum einnig unginga-, karla og kvenna á árinu.

### 6. grein

Afhending viðurkenninga og tilkynning um val íþróttamanns Fjarðabyggðar skal fara fram um áramót ár hvert. Meginfélögin í Fjarðabyggð skiptast á sjá um afhendingarathöfn í samvinnu við stjórnanda íþrótt- og tómstundamála. Röðin er eftirfarandi: Þróttur, Valur, Austri, Leiknir, Súlan, Hrafnkell Freysgoði.



7.grein

Hvatningarverðlaun Fjarðabyggðar

Þau eru veitt til að hvetja ungmenni á aldrinum 13-15 ára til dáða í íþróttastarfi. Verðlaunin eru veitt þeim pilti og stúlkum sem hafa sýnt mikinn áhuga á íþróttinni, sýnt góða ástundun og prúðmennsku innan og utan vallar, auk þess að vera að vera frábær félagi og fyrirmund annarra unglings.

8.grein

Hvert félag tilnefnir eina stúlku og einn pilt til verðlaunanna. Greinargóð lýsing á ástæðu þess að viðkomandi er útnefndur, skal fylgja útnefningunni. Tilefndir skulu vera fyrirmyn dir í umhverfi sínu á æfingum og í keppni. Velja skal pilt og stúlku sem þykja hafa sýnt af sér góða háttvísí.

Fjarðabyggð 8.júlí 2021



Jón Björn Hákonarson  
Bæjarstjóri

Samþykkt í íþróttar- og tólmstundanefnd 14. júní 2021

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 5. júlí 2021